

Fundur fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs.haldinn að Grenjaðarstað í Aðaldal 3. maí 2017 kl. 14:00.

Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar;

- frá Þingeyjarsveit; Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir og Ragnar Bjarnason
- frá Skútustaðahreppi; Sigurður Böðvarsson
- frá Norðurþingi; Kjartan Páll Þórarinsson, Óli Halldórson, Sif Jóhannesdóttir og Soffía Helgadóttir
- frá Tjörneshreppi; Sveinn Egilsson
- frá Svalbarðshreppi; Daníel Hansen
- frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson

Fundinn sátu einnig eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna; Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri Skútustaðahrepps. Einnig sátu fundinn Árni Pétur Hilmarsson sveitarstjórnarfulltrúi úr Þingeyjarsveit og Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði honum. Bauð hann fundarmenn velkomna til starfa.

**Þetta gerðist:**

## 1. Skýrsla framkvæmdastjórnar HNP bs.

Dagbjört Jónsdóttir formaður framkvæmdastjórnarinnar gerði grein fyrir starfi hennar frá haustfundi 2016. Framkvæmdastjórnin hefur fundar þrisvar sinnum á tímabilinu. Á fund hennar kom Svavar Pálsson sýslumaður á Norðurlandi eystra og gerði grein fyrir erfiðri stöðu sýslumannsembættta í framhaldi af aðskilnaði þeirra og lögreglu. Unnið var að gerð erindisbréfs almannarnarnefndar sem liggur nú fyrir. Þá hefur lítilega verið rætt um sameiningu AP og HNP bs. en ákveðið var að bíða með alla vinnu í því þar til niðurstöður liggja fyrir úr þeirri úttekt sem nú er unnið að á vegum Eyþings. Síðast en ekki síst hefur talsverður tími farið í umræðu um möguleg ný verkefni byggðasamlagsins og leggur framkvæmdastjórnin fram sérstakt minnisblað hér á fundinum um þau mál. Þar er kallað eftir pólitískri umræðu og leiðsögn um þau verkefni sem vilji er til að taka upp á þessum vettvangi, en án hennar getur framkvæmdastjórnin ekki unnið útfærslur að einstökum verkefnum.

Um frekari efnisatriði skýrslunnar er vísað til hennar sjálfrar, en hún hefur verið send fulltrúaráðsmeðlimum.

## 2. Ársreikningar 2016

Fyrir liggur ársreikningur 2016 áritaður af framkvæmdastjórn og löggiltum endurskoðanda byggðasamlagsins, PwC / Rúnari Bjarnasyni, án athugasemda.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninginn og gerði grein fyrir einstökum atriðum í honum.

Rekstrartekjur voru 4,52 mkr. og rekstrargjöld 8,36 mkr. sem er um 1,8 mkr. umfram áætlun. Skýrist það af kostnaði við Þingeyjarverkefnið sem var rúmlega 3 mkr. hærrí en gert var ráð fyrir í áætlun, aðallega vegna deiliskráningar fornminja sem ekki hafði verið gert ráð fyrir. Hins vegar lækkuðu reiknðar lífeyrisskuldbindingar um 1 mkr. en í áætlun hafði verið gert ráð fyrir

hækkun um 0,6 mkr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 0,4 mkr. og rekstrarhalli ársins 3,7 mkr. en gert hafði verið ráð fyrir halla upp á 2,1 mkr.

Eignir í árslok voru 21,6 mkr. Þar af eru fastafjármunir 9,9 mkr. og veltufé 11,7 mkr. og þar af handbært fé 11,1 mkr. Skuldir og skuldbindingar voru 9,6 mkr. og þar af eru lífeyrisskuldbindingar 6,7 mkr. Eigið fé var 12,0 mkr. og þar af eru 9,9 mkr. á endurmatsreikningi fastafjármuna.

Fyrir fundinum liggur einnig endurskoðunarbréf PwC þar sem gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum endurskoðunarvinnunnar sem, eins og áður hefur komið fram, leiddi ekki til neinna athugasemda.

Ragnar Bjarnason spurði um stöðu Þingeyjarverkefnisins og kom fram í svari framkvæmdastjóra að skipulagslýsing væri til afgreiðslu á næsta fundi skipulagsnefndar Þingeyjarsveitar. Þá kom fram í svari hans að verkefnið er fjármagnað af mörkuðum tekjum vegna veiðiréttar í Skálfandafljóti sem fylgir eignarhaldinu á Þingey.

Þorsteinn Gunnarsson vakti athygli á því að sveitarfélögin og samstarfsverkefni þeirra gætu náð fram kostnaðarlæknum með samsatrfi um kaup á þjónustu löggiltra endurskoðenda.

Að loknum umræðum var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

### 3. Ársskýrslur stofnana og verkefna byggðasamlagsins

#### a) Náttúruverndarnefnd

Framkvæmdastjóri flutti skýrslu nefndarinnar sem liggur fyrir skriflega frá formanni hennar og send út með fundargögnum og er vísað til hennar um efnisinntak. Samþykkt að fela framkvæmdastjórn að fara yfir þóknanir fyrir nefndarstörf á vegum byggðasamlagsins út frá þeim auknu verkefnum sem fyrir liggja og leggja fram tillögu fyrir haustfund.

Á fundinn mætti Sigprúður Stella Jóhannsdóttir starfsmaður Náttúrustofu Norðausturlands og varamaður í náttúruverndarnefnd og gerði grein fyrir vangaveltum sem upp hefðu komið í nefndinni um það hvort skoða ætti frekari verndum á Þingey og Skuldaþingsey og var þá einkum verið að horfa til fólkvangs og jafnvel tengja við Goðafoss. Fram kom í umræðu að svæðið er nú þegar undir hverfisvernd í gildandi aðalskipulagi. Sú skipan tryggir fulla stjórnun heimamanna á meðan fólkvang skal stýrt í samvinnu við Umhverfisstofnun.

Endurskoðun á Náttúruminjaskrá stendur yfir og hvatti Sigprúður sveitarfélögin til að skoða stöðuna hvert á sínu svæði.

Til máls tóku Óli, Dagbjört og Sigurður.

#### b) Almannaþingarnefnd

Framkvæmdastjóri flutti skýrslu nefndarinnar sem liggur fyrir skriflega frá starfsmanni hennar og send út með fundargögnum og er vísað til hennar um efnisinntak.

Soffía vakti athygli á því sem fram kom í skýrslunni um það hvernig ISAVIA hefði staðið að undirbúningi flugslysaæfingar á Þórshöfn. Samþykkt að fyrirtækinu verði send fyrirspurn og skýringa óskað.

#### 4. Staða landbúnaðar í héraðinu

Framsögumaður var Unnsteinn Snorri Snorrason ráðgjafi sem m.a. hefur unnið fyrir BSSP í verkefninu *Heimaslóð* sem hefur það að markmiði að greina sóknarfæri í landbúnaði á svæðinu og aðstoða bændur við aukna verðmætasköpun í greininni. Fór hann yfir stöðuna og þau tækifæri sem til staðar eru, m.a. heimavinnslu og þá styrkingu á markaðsmöguleikum afurðanna sem hinn miklu ferðamannafjöldi hefur skapað. Þá eru bein tækifæri í aukinni framleiðslu sem m.a. liggja í því að 5 – 10 jarðir á svæðinu eru annað hvort ó- eða vannýttar. Hvatti hann til þess að sveitarfélögin mörkuðu sér stefnu í málefnum atvinnugreinarinnar til lengri tíma og settu fjármuni til þess að framfylgja slíkri stefnu.

Fundarmenn lýsu ánægju með þær upplýsingar og greiningu sem fram kom í erindinu og óskuðu eftir því að fá það sent.

#### 5. Skipan í barnaverndarnefnd og kosning formanns og varaformanns

Fyrir liggja tilnefningar sveitarfélaganna í barnaverndarnefnd skv. 5. gr. erindisbréfs nefndarinnar.

	Aðalmenn	Varamenn
Norðurþing	Hilmar Valur Gunnarsson	Sveinn Aðalsteinsson
	Helga Jónsdóttir	Áslaug Guðmundsdóttir
	Róbert Ragnar Skarphéðinsson	Helena Eydís Ingólfssdóttir
Skútustaðahreppur	-	Sólveig Jónsdóttir
Þingeyjarsveit	Hildur Rós Ragnarsdóttir	-
Tjörneshreppur	-	-
Svalbarðshreppur	Guðrún Hildur Bjarnadóttir	-
Langanesbyggð	-	Sólrún Arney Siggeirsdóttir

Formaður bar upp fyrirbyggjandi tilnefningar að aðalmönnum og var tillagan samþykkt með þorra atkvæða gegn einu. Ragnar Bjarnason greiddi atkvæði gegn tillögunni þar sem hann telur að vegna starfa sinna sé starfsfólk skóla vanhæft til setu í nefndinni.

Næst bar formaður upp tillögu að varamönnum skv. fyrirbyggjandi tilnefningum og var hún samþykkt með sama hætti og tillaga að aðalmönnum.

Því næst gerði formaður tillögu um að Helga Jónsdóttir yrði kjörin formaður nefndarinnar og var það samþykkt samhljóða. Ragnar Bjarnason sat hjá. Að lokum gerði formaður tillögu um að Hildur Rós Ragnarsdóttir yrði kjörin varaformaður og var það sömuleiðis samþykkt samhljóða. Ragnar Bjarnason sat hjá.

Í framhaldi af þeim sjónarmiðum sem fram komu í máli Ragnars Bjarnsonar við kjör í nefndina urðu nokkar umræður um mögulegt vanhæfi nefndarmanna. Til að lágmarka þá hættu er rétt að nefndin skilgreini vanhæfi vítt, þ.e. að nefndarmaður sem vanhæfur er vegna tiltekins máls víki ekki aðeins sæti við umræður og afgreiðslu, heldur hafi engan aðgang að gögnum þess.

Áréttuð var umræða sem fram fór undir skýrslu Náttúruverndarnefndar um að framkvæmdastjórn færi yfir þóknunarmál í öllum nefndum á vegum byggðasamlagsins.

## 6. Möguleg ný verkefni byggðasamlagsins

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjórnar um möguleg ný verkefni byggðasamlagsins og gerði formaður hennar grein fyrir efni þess. Þau verkefni sem þar eru tiltekin eru; brunavarnir, skipulags- og byggingarmál og félags- og skólaþjónusta. Um efnislega umræðu er vísað til minnisblaðsins sjálfs sem dreift var með fundargögnum.

Talsverðar umræður sköpuðust og komu eftirfarandi atriði m.a. fram;

- Grunnvandinn í þjónustugetu sveitarfélaganna væri smæð (veik staða) þeirra og að í byggðasamlögum væri ákveðin hætta á lýðræðishalla (RB).
- Ríkisvaldið væri með tvöföld skilaboð, stækkun sveitarfélaga annars vegar og svo efling landshlutasamtaka án þess að neitt skilgreint samhengi væri sett upp þar á milli (ÓH).
- Leggja ætti áherslu á samstarf í skipulags- og byggingarmálum (SJ) og (MB).
  
- Skoða ætti samstarf á vettvangi Eypings og/eða við Akureyrarkaupstað varðandi brunavarnir, ekki síst með tilliti til breyttra aðstæðna með tilkomu Vaðlaheiðarganga (MB).

Að umræðu lokinni bar formaður upp tillögu þess efnis að oddvitar sveitarfélaganna vinni mótaða tillögu varðandi möguleg ný verkefni byggðasamlagsins fyrir haustfund fulltrúaráðsins. Formaður kalli oddvitana saman.

Tillagan samþykkt samhljóða.

## 7. Önnur mál

Rætt um mætingu á fulltrúaráðsfundi, sem mætti vera betri þó svo að fulltrúar hefðu verið frá öllum sveitarfélögum. Í því sambandi þarf m.a. að velja því fyrir sér hvort það sé skynsamlegt að hafa fulltrúaráðsfund í tengslum við aðalfund MMP eða hvort það sé e.t.v. heppilegra að skilja þar á milli. Einnig rætt um kynjahalla í fulltrúaráðinu sem fundarmenn voru sammála um að þyrfti að takst á við næst þegar kosið verður til þess.

Almenn umræða um skipulag í sameiginlegri stjórnsýslu sveitarfélaganna, þ.e. hvort efla beri samstarfið innan vébanda HNP bs. eða á vettvangi Eypings. Hvor vettvangur um sig getur hentað en það fer þó að einhverju leiti eftir þeim verkefnum sem um er að ræða. Mikilvægt er að sveitarfélögin taki ákveðið frumkvæði varðandi þetta skipulag en láti ekki ríkisvaldið segja sér alfarið fyrir verkum í því.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30